

Bæjarstjórn Hafnarfjarðarbæjar  
b/t Rósu Guðbjartsdóttir bæjarstjóra  
Strandgötu 6  
220 Hafnarfirði



Reykjanesbæ, 28. febrúar 2020

Stjórn HS Veitna hf hefur ákveðið að boða til aðalfundar félagsins miðvikudaginn 11. mars 2020 á Brekkustíg 36, Reykjanesbæ og hefst hann kl. 16.30.

Dagskrá fundarins er þannig, samanber 13. gr. samþykkta félagsins:

1. Fundarsetning; Guðbrandur Einarsson, stjórnarformaður.
2. Kjör fundarstjóra og fundarritara.
3. Stjórn félagsins skýrir frá hag félagsins og rekstri þess á næstliðnu starfsári.
4. Ársreikningur félagsins fyrir liðið starfsár lagður fram til samþykktar ásamt skýrslu endurskoðenda og tekin ákvörðun um hvernig fara skuli með hagnað eða tap félagsins á reikningsárinu og um arðgreiðslur og framlög í varasjóð.
5. Tillaga stjórnar um starfskjarastefnu félagsins.
6. Tekin ákvörðun um þóknun til stjórnamanna.
7. Breytingar á samþykktum félagsins sbr. 22. grein samþykkta félagsins.
8. Kosning stjórnar félagsins sbr. 16. grein.
9. Kosning endurskoðenda sbr. 21. grein.
10. Umræður og atkvæðagreiðslur um önnur málefni sem löglega eru upp borin.

Á áðurnefndum stjórnarfundi samþykkti stjórnin einnig að leggja eftifarandi tillögu fyrir aðalfund:

Lagt er til að keypt verði eigin bréf fyrir 500 m.kr. og að verðið verði sem næst innra virði samkvæmt uppgjöri ársins 2019 eða 16,2962. Að kaupunum frágengnum verði hlutafé félagsins fært niður samsvarandi.

Kauptilboðin verða þá þannig:

Eignaraðili	Keypt bréf	Kaupverð	Eign eftir sölu
Reykjanesbær	15.380.700	250.500.000	427.403.100
HSV eignarhaldsfélag slhf	10.555.336	171.911.000	293.314.556
Hafnarfjarðarbær	4.733.264	77.089.000	131.529.244
Sandgerðisbær	30.700	500.000	853.100
Samtals	30.700.000	500.000.000	853.100.000

Samþykki aðalfundur tillöguna er æskilegt að viðbrögð hluthafa við tilboðinu liggi fyrir sem fyrst til að unnt sé að ganga frá málinu. Þá verða gefin út ný hlutabréf og hluthafar skila inn núgildandi hlutabréfum.

Varðandi samþykktir þá er lagt til að breyting verði gerð á 4. grein þar sem nú segir "Hlutafé félagsins er 883.800.000 króna" og í staðinn komi "Hlutafé félagsins er 853.100.000 króna".


„Athygli er vakin á því að í 63. gr. a. hlutafélagalaga er ákvæði um að tilkynna skuli skriflega **skemmti fimm dögum fyrir hluthafafund**, þar sem kjósa á félagsstjórn, um framboð til stjórnar í hlutafélagi sem ber skylda til að kjósa sér endurskoðanda skv. 1.-3. mgr. 98. gr. laga nr. 3/2006, um ársreikninga. Í tilkynningu um framboð til stjórnar skuli geta auk nafns frambjóðanda, kennitölu og heimilisfangs, upplýsingar um aðalstarf, önnur stjórnarstörf, menntun, reynslu og hlutafjáreign í félaginu. Þá skal einnig upplýsa um hagsmunatengsl við helstu viðskiptaaðila og samkeppnisaðila félagsins, sem og hluthafa sem eiga meira en 10% hlut í félaginu.“

Jafnframt er vakin athygli á lögum um kynjahlutföll og að þar sem aðalmenn eru fjórir af öðru hvoru kyni þá verði varamenn þrír af því kyni.

Þetta tilkynnist hér með.

Virðingarfyllst,

F.h. stjórnar HS Veitna hf



Július Jónsson  
forstjóri